

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 35/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/22/EB fellur úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB) í XIX. viðauka við samninginn hljóðir svo:

„**32009 L 0022**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/22/EB frá 23. apríl 2009 um að setja lögbann til verndar hagsmunum neytenda (Stjtið. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/22/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 110, 1.5.2009, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 51.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.